

Reykjavík, 6. ágúst 1975

Þann 6. júlí s.l. var stofnaður hér í Reykjavík klúbbur, sem hlotið hefur nafnið Kvartmíluklúbburinn. Klúbburinn var stofnaður að nokkru leyti í samráði við Lögregluna í Reykjavík.

Aðdragandi þessa máls er nokkuð langur. Fyrir um það bil 10 árum var haldin kvartmílukeppni á Íslandi og fór hún fram á Reykjavíkurflugvelli án nokkurra öryggisráðstafana, né samráðs við lögregluþingvöld. Nú undanfarin ár hefur þessari bílaíþrótt vaxið fiskur um hrygg, og hafa menn keppt á bílum sínum þar sem bezt hefur þótt henta í það og það skiptið.

Samkvæmt landslögum eru þessar keppnir algjörlega ólöglegar og hafa því klúbbfélagar ákveðið að fresta frekari keppnum, þar til fengizt hefur lokað svæði fyrir þær, með tilheyrandi öryggisskilyrðum og eftirliti opinberra yfirvalda.

Kvartmílukeppni fer fram á þann hátt, að tveim bílum er stillt upp hlið við hlið, og þegar ljósmerki er gefið, þjóta þeir af stað. Sá þeirra, sem á undan nær 402 m (1/4 míla) markinu, sigrar, og tekur það ekki lengri tíma en um það bil 15 sekúndur. Má því að nokkru leyti líkja þessu við kappreiðar hestamanna. Reyndar mætti líkja öllu því, sem fram fer á skeiðvöllum við það, sem gerist á kvartmílubrautum. Menn hleypa hestum sínum í miðri viku og halda síðan mót á vissum tímum ársins með tilheyrandi pylsuveizlum.

Af öllum bílaíþróttum er þessi grein langhættuminnst og er það skiljanlegt, því aðeins er ekin bein, malbikuð braut.

Við, sem stöndum að stofnun þessa klúbbs, vonumst til að hann verði til þess að bílaáhugamenn geti stundað bílaíþrótt sína á þar til gerðu LOKUÐU SVÆÐI og um leið flutt bíla sína AF GÖTUM BORGARINNAR og losað borgarana við slysaðu og hávaða, sem hraðakstri fylgir.

Til að þessi tilgangur náist, teljum við að kvartmílubrautin þurfi að vera sem lengst frá íbúðahverfum. Ekki þó of langt, til að vegalengdin verði ekki til þess, að menn kjósi heldur götur borgarinnar.

Við klúbbfélagar leitum nú að náðir borgaryfirvalda í þeirri von, að þau styðji okkur í baráttu okkar fyrir bættri umferðarmenningu og hjálpi okkur um landsspildu fyrir tilvonandi kvartmílustarfsemi.

Að athuguðu máli teljum við svæðið vestan við Öskjuhlíðina henta bezt á allan hátt:

1. Það tilheyrir opnu svæði í skipulaginu, að því er við bezt vitum.
2. Það er hvergi nálægt byggðu bóli, en þó í hjarta borgarinnar.
3. Það er sérlega vel til þess fallið að byggja braut á.
4. Þarna er mjög stutt í slökkvi- og sjúkrabíla, ef á þarf að halda. Þeir verða þó að sjálfsögðu á sjálfu svæðinu, þegar keppnismót eru haldin.

Síðast en ekki sízt eru hávaðasöm tæki nú þegar til staðar á þessu svæði, þar sem eru flugvélarnar.

Eins hefur lögreglan tjáð okkur, að þetta svæði sé hentugt til að halda uppi löggæzlu á, ef mót yrðu haldin þar.

Landssvæðið, sem við þurfum undir þessa starfsemi, þarf að vera ca. 700 x 80 m, auk bílastæða fyrir 2 bíla. En svo vel hentar til að svæðinu vestan Öskjuhlíðar, að þar var á sínum tíma geymsla fyrir bíla, og er því sjálfgeft bílastæði þar.

Á svæðinu sjálfu yrði lítið um mannvirki önnur en brautina sjálfa, stjórnstöð og áhorfendapalla. Girt yrði umhverfis brautina, til að koma í veg fyrir að hlaupið yrði út á hana, svo og utan um sjálft svæðið.

Að öðru leyti yrði farið eftir erlendum fyrirmyndum, en þess má geta, að sams konar brautir eru á öllum Norðurlöndunum, Skotlandi, Írlandi, Englandi og Bandaríkjunum, og svo mætti lengi telja.

Með tilkomu þessarar brautar skapaðist t.d. aðstaða fyrir áhugamenn um flugmódelaflug. Einnig hafa sams konar brautir verið notaðar fyrir úttitennis erlendis, go kart bíla (bíl-títlur) mætti einnig nota á þessari braut. Vélahjóla- og skellinöðrumenn fengju að sjálfsögðu að vera með (reyndar eru sum vélahjól hreinlega byggð fyrir kvartmílukappakstur).

Að síðustu langar okkur að taka það fram, að við klúbbfélagar erum miklir náttúruverndarmenn, sem bezt sézt á því, að nú þegar hefur verið ákveðið að hver meðlimur gróðursetji eitt eða fleiri tré umhverfis tilvonandi kvartmílubraut, hvar sem hún að lokum yrði byggð.

Ef háttvirtu borgarráði þykir ekki Öskjuhlíðarsvæðið hentugt undir þessa starfsemi, værum við þakklátir fyrir, að málið félli ekki niður, heldur yrðu athugaðir möguleikar á svipuðu svæði.

Til borgarráðs.